Berist Forsætisnefnd Kópavogsbæjar.

Kl. 15:55, þann 28. ágúst síðastliðinn varð undirritaður vitni að fundi Soffíu Karlsdóttur, forstöðumanns menningarmála, og þriggja aðalfulltrúa í Lista- og menningarráði. Fundurinn fór fram í Fífuhvammi, fundarherbergi á fyrstu hæð bæjarskrifstofa Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1. Fulltrúarnir þrír sem fundinn sátu voru:

- Elísabet Berglind Sveinsdóttir (D), formaður Lista- og menningarráðs og forseti bæjarstjórnar/forsætisnefndar
- Helga Hauksdóttir (B), aðalmaður í Lista- og menningarráði
- Jónas Skúlason (B), aðalmaður í Lista- og menningarráði

Tilgangur fundarins var að fara yfir dagskrármál fundar Lista- og menningarráðs sem hafði verið boðaður kl. 16:15 þennan sama dag, skv. munnlegu svari forstöðumanns menningarmála við spurningu undirritaðs. Undirrituðum var meinað að sitja þennan fund þegar hann beiddist þess á grundvelli þess að hann sæti ekki "í meirihluta" Lista- og menningarráðs. Hugtakið "meirihluti" á ekki við í þessu samhengi enda er það hvergi að finna í sveitarstjórnarlögum og enginn grundvöllur til mismununar nefndarmanna á þeim grundvelli. Þetta hefur formaður Lista- og menningarráðs þegar á vormánuðum verið áminnt um af bæjarritara.

Téður fundur virðist ekki hafa verið skráður og voru aðrir nefndarmenn ekki upplýstir um hann. Vekur það upp spurningar hvort um endurtekna fundi sé að ræða. Aðrir nefndarmenn Lista- og menningarráðs voru ekki á staðnum, tveir aðalmenn og tveir áheyrnarfulltrúar, og einungis tilviljun að undirritaður varð vitni að honum.

Undirritaður hefur oft fengið þá tilfinningu á fundum að nefndarmennirnir þrír sem nefndir eru í þessu erindi búi yfir meiri upplýsingum en aðrir nefndarmenn. Má ætla að hér sé skýringin fundin.

Telur undirritaður að með þessum fundi hafi reglur erindisbréfs Lista- og menningarráðs og bæjarmálasamþykktar verið brotnar, samskiptareglur kjörinna fulltrúa, sem og stjórnarskrá:

1. Samkvæmt erindisbréfi Lista- og menningarráðs er forstöðumaður menningarmála starfsmaður Lista- og menningarráðs og starfar með ráðinu. Ekki er þar talað um að hann starfi einungis með hluta ráðsins eða einstaka fulltrúum, nema hvað hann undirbýr og boðar fundi ráðsins í samstarfi við formann þess. Samkvæmt samskiptareglum kjörinna fulltrúa hafa "[e]instakir, kjörnir fulltrúar … ekki umboð til að gefa starfsmönnum fyrirmæli og skulu ekki hafa bein áhrif á störf þeirra eða ákvarðanir. Áðurnefndur fundur hluta menningarráðs með forstöðumanni menningarmála gengur bersýnilega í berhögg við bæði þessi ákvæði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

2. Enn fremur segir í samskiptareglum að “... nefndarmönnum er óheimilt að kalla eftir upplýsingum um einstaka mál nema í samráði við bæjarstjóra og viðkomandi sviðsstjóra.” Hafi téður fundur fjallað um dagskrármál samdægra fundar Lista- og menningarráðs, líkt og forstöðumaður menningarmála sagði, er um greinilega mismunun á nefndarmönnum að ræða. Hér er aflsmunum beitt til þess að hefta lýðræðislegt umboð nefndarmanna í „minnihluta“ en innviðir bæjarins nýttir til þess að styðja við nefndarmenn í „meirihluta“.

   2a. Til samanburðar má geta þess að undirritaður óskaði eftir því um mánaðamótin janúar-febrúar síðastliðin að fá aðgang að ýmsum gögnum er varða störf nefndarinnar og fyrri ákvarðanir. Fóru þær beiðnir í gegnum þær leiðir sem kveðið er á um í samskiptareglum, þ.e. bæjarstjóra og viðeigandi sviðsstjóra. Þeim beiðnum hefur enn ekki verið svarað, átta mánuðum síðar. Í bæjarmálasamþykkt er hámarksfrestur til afhendingar gagna fimm dagar og í upplýsingalögum sex, en þó 20 þegar um er að ræða mikið magn upplýsinga.
3. Fái hluti nefndarmanna meiri og/eða betri upplýsingar en aðrir er varða starfsemi nefndarinnar, geta þeir ekki tekið upplýstar ákvarðanir. Fái hluti nefndarmanna minni stuðning bæjarins í störfum sínum en aðrir, og þeim þannig mismunað, er jafnræðisregla stjórnarskrárinnar virt að vettugi.

Hafnarfirði, 30. ágúst 2024

Árni Pétur Árnason, áheyrnarfulltrúi Pírata í Lista- og menningarráði Kópavogsbæjar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026